

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	2. desember 2022 kl. 12:00-15:30
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	05
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir, Gunnar Einarsson og Birgir Gunnarsson <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Ólafur Eysteinn Sigurjónsson. <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri, Tómas Þór Ágústsson, settur framkvæmdastjóri lækninga (liður 2), Hrund Scheving Thorsteinsson, settur framkvæmdastjóri hjúkrunar (liður 2), Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála (liður 5). <u>Fjarverandi</u> :
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá auk umfjöllunar

1. Fundargerð 4. fundar

Samþykkt.

2. Mönnun

a. Hlutastörf – kynning

Hrund Scheving Thorsteinsson, settur framkvæmdastjóri hjúkrunar kynnir hlutfall hlutastarfa og áhrif á kostnað, starfsemi og gæði þjónustu. Tekur fram að margt sem fram komi í kynningunni eigi einnig við um sjúkraliða. Farið yfir tölfræði, ástæður hlutastarfa, hverjir vinna hlutastörf innan stéttarinnar, áhrif á kostnað, gæði o.fl. tengt hlutastörfum og störfum hjúkrunarfræðinga. Umræður.

Tómas Þór Ágústsson, settur framkvæmdastjóri lækninga, kynnir hlutfall hlutastarfa lækna, umfang og áhrif. Farið yfir sögulega þætti varðandi vinnufyrirkomulag lækna, stöðu sérnáms, tölfræði og breytingar sem unnið er að varðandi vinnufyrirkomulag lækna. Einnig fjallað um áhrif og afleiðingar hlutastarfa og tækifæri til að bregðast við. Umræður.

b. *KPMG verkefni*

Stutt umfjöllun um stöðu. Umfjöllun að öðru leyti frestað.

3. Starfsáætlun stjórnar Landspítala

Samþykkt

4. Staða skipuritsbreytinga

Stjórn upplýst. Umræður.

5. Staða fjármála Landspítala – kynning

Staða fjármála Landspítala rædd. Halli við fyrstu sýn. Gert ráð fyrir fjárauka vegna Covid kostnaðar og að teknu tilliti til þess má ætla að halli verði óverulegur, eða um 0,1%. Umræður um umfangsmikinn halla á ákveðnum sviðum en rekstrarafgang á öðrum sem að mestu skýrist af undirmönnun, afgangi á launaliðum. Breytingar á fjárlagafrumvarpi ræddar og möguleg viðbót til spítalans.

Rætt um þjónustutengda fjármögnun, efni og innihald DRG samnings og stöðu innleiðingar.

Næsti fundur áformaður föstudaginn 23. desember kl. 13.

Fundi slitið 15:35